

Skólanefndarfundur 10. nóvember 2020

Fundur settur 16:09

Mættir: Valgerður, Arna, Halldór Jón, Hjálmar Bogi, Helena Eydís, Valdimar, Birgitta Bjarney, Kolbrún Ada, Sigurgeir (formaður).

Fjarverandi: Kristey

Dagskrá:

1. Rekstrarniðurstaða 2020 áætlun/útkomuspá.
2. Stefnumótunarskjal FSH 2021-2023.
3. Fjárhagsáætlun fyrir 2021.
4. Gjaldskrárbreytingar fyrir 2021
5. Áhrif sóttvarnareglugerða vegna Covid á skólahald á framhaldsskólastigi.
6. Framhaldsskólinn á Húsavík kominn með jafnlaunavottun.
7. Staða FSH í könnuninni Stofnun ársins 2020.
8. Önnur mál.

1. Rekstrarniðurstaða 2020 áætlun/útkomuspá.

Valgerður fer yfir útkomuspá FSH 2020 gerir ráð fyrir halla upp á 2.281.876 kr.

Reikningur vegna Covid er kominn í 2.500.000 kr. vonandi fæst það bætt.

FSH stendur vel miða við aðra framhaldsskóla í ár.

2. Stefnumótunarskjal FSH 2021-2023

Valgerður fer yfir stefnumótunarskjal FSH 2021-2023.

Kjarnastarfsemi:

1. Draga úr brottfalli nemenda
2. Að efla forvarnir og stuðning við heilbrigða lífshætti nemenda til að bæta námsárangur og líðan
3. Nýjar áherslur í námi og nýtt námsframboð og nýjar kennsluaðferðir

Rekstrarþættir:

1. Að klára vinnslu skjalavistunaráætlunar, áhættumats og annarra verkefna sem ríkið felur framhaldsskólum.
2. Auka starfsánægju og öryggi á vinnustað. Bæta aðbúnað og tækjakost starfsmanna.
3. Draga úr umhverfisáhrifum stofnunarinnar.

Umræður út frá þáttum sem lagt er upp með í stefnumótun FSH.

Halldór segir frá óformlegri könnun sem hann sendi út á alla nemendur með tölvupósti 6 nóv.

24 nemendur hafa nú þegar svarað: Niðurstöður voru að 3 nemendur vilja fá aukna hjálp og 3 nemendur kvarta undan verkefna álagi. Búið er að bregðast við þessu. Öðrum gengur vel að eigin sögn.

3. Fjárhagsáætlun fyrir 2021

Valgerður fer yfir rekstraráætlun 2021.

Það lítur út þannig að FSH stefni í 12 m.kr. halla í lok 2021.

Ef fjárveiting verður veitt í lok árs 2020 þá gæti hallinn verið um 5 mkr.2021.

4. Gjaldskrárbreytingar fyrir 2021

Verðskrár hækkunir liggja fyrir.

Verðskrár hækkun er samþykkt einróma.

5. Áhrif sóttvarnarreglugerða vegna Covid á skólahald á framhaldsskólastigi

Gagnrýnt hefur verið hvernig kennslu er háttað í FSH á tímum Covid.

Vilji er fyrir að hafa meira staðnám, en staðan er hins vegar sú að FSH verður að fara eftir ítrustu sóttvarnarreglum. Benda má á að FSH hefur haldið úti hvað mestu stað námi á tímum Covid af framhaldsskólum.

Sóttvarnarreglur fyrir framhaldsskóla eru mjög bekkjamiðaðar, nefndarmaður bendir á hvort eigi að óska eftir því að.

6. Framhaldsskólinn á Húsavík kominn með jafnlaunavottun

Jafnlaunavottun er komin í hús!

7. Staða FSH í könnuninni Stofnun ársins 2020

Framhaldsskólinn fór úr sæti 7 í sæti 6 í stofnun með færri en 20 starfsmenn.

Og úr sæti 16. – 15. Í stofnun ársins vegna einstakra stofnana.

Frábær árangur og um að gera að flagga því á heimasíðu FSH og helstu fjölmiðlum sveitarfélagsins.

8. Önnur mál.

- Fjarfélagslíf : Kahoot og gafaleikir hafa komið til umræðu hjá NEF.
- Valgerður hrósar Mennta og menningarmálaráðherra Lilju fyrir sín störf.

Fundi slitið 17:30